

# PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

## I. HLUTI

### PRÓFBLAÐ 1 AF 2

Prófnúmer próftaka: .....

Námsgrein til prófs:	Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%)	
	<b>ATH. Prófið er tvískipt: Sjá sérstakt prófblað vegna, Félagaréttur (30%)</b>	
Prófdagur:	2. nóvember 2011	Kl.: 17:00-21:00
Úrlausnartími:	4 klst.	Prófblöð: 4 (þ.m.t. forsíða)
Leyfileg hjálpargögn:	Lög og reglugerðir	

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

## 1. Krossar (30,0%)

Takið afstöðu til eftirfarandi.

### Athugið eftirfarandi:

- i. Að vægi hverrar spurningar / fullyrðingar er jafnt (2,5%).
- ii. Að dregið er frá 0,75% fyrir hvert rangt svar.
- iii. Ef þið takið ekki afstöðu til spurningar telst svarið hvorki rétt né rangt.
- iv. Aðeins annar tveggja svarmöguleika er réttur.
- v. Lesið spurningarnar vandlega yfir áður en svarað er.

1. Ógildingarástæðan fölsun getur aðeins leitt til ógildingar samnings ef sá sem vill byggja rétt á samningnum vissi eða mátti vita um tilvist ógildingarástæðunnar.

- Rétt  
 Rangt

2. Samhliða riftun er hægt að krefjast vangildisbóta og efndabóta, þ.e. samtímis.

- Rétt  
 Rangt

3. A á kröfu á hendur B sem hann framselur C. Ekki er um viðskiptabréf að ræða. Þegar C krefur B um greiðslu kveðst B eiga gagnkröfu á hendur A sem komi til skuldajafnaðar við kröfu C. C kveðst hafa verið grandlaus um gagnkröfuna. Kemur grandleysi C í veg fyrir slíka mótbáru?

- Já  
 Nei

4. Eigendaskipti verða að fyrirtækinu X hf. (hlutabréf skipta um hendur) sem skuldar bankanum Y hf. umtalsverða fjármuni. Y hf. kveður sitt samþykki áskilið fyrir eigendabreytingunni þar sem um skuldarskipti sé að ræða. Fær þetta sjónarmið Y hf. stoð í meginreglum kröfuréttar?

- Já  
 Nei

5. A hf. á gjaldfallna kröfu á hendur B ehf. Móðurfélag B ehf., C hf., á kröfu á hendur A hf. sem fellur í gjalddaga innan skamms. Getur C hf. skuldajafnað?

- Já  
 Nei

6. A gerir munnlegan samning við B um kaup á félaginu C. A segist hafa gert þennan samning „í hálfkæringi“. B upplifði ekki samtal aðila þannig. Gæti bindandi samningur talist hafa komist á?

- Já  
 Nei

7. Skilyrði fyrir greiðslu samkvæmt kaupsamningi, sem ritað er inn í samninginn, telst forsenda í skilningi samningaréttar.

- Rétt  
 Rangt

8. Samhliða ógildingum samnings á grundvelli ógildingarreglna samningaréttar er unnt að krefjast skaðabóta sem gera mann eins settan og ef samningur hefði réttilega verið efndur.

- Rétt
- Rangt

9. Gæti samningur mögulega talist kominn á ef K lýsir því yfir við S, í kjölfar langvarandi samningaviðræðna, að hann „hyggist láta slag standa“, án þess þó að búið sé að ganga frá skriflegum samningi?

- Já
- Nei

10. Ef fasteignaverð hefur lækkað um 25% frá gerð kaupsamnings um fasteign sem í ljós kemur að haldin er göllum, kann að vera fjárhagslega hagkvæmara fyrir kaupanda að rifta kaupunum í stað þess að krefjast skaðabóta vegna gallans (viðgerðarkostnaðar), að þeirri forsendu gefinni að kaupverð fasteignarinnar hafi verið 30.000.000 kr. en áætlaður viðgerðarkostnaður hljóði upp á 4.500.000 kr.?

- Já
- Nei

11. K gerir S tilboð sem S samþykkir, en eftir lok samþykkisfrests. K kveðst hins vegar samþykkja „samþykki“ S. S vill hins vegar ekki lengur gera samning við K. Kann bindandi samningur allt að einu að teljast vera kominn á?

- Já
- Nei

12. Hægt er á grundvelli 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 að breyta söluverði til lækkunar, en ekki hækkunar.

- Rétt
- Rangt

## 2. Raunhæft verkefni (12,5%)

X Banki hf. („**bankinn**“) lánar Y fjármuni til kaupa á hlutabréfum í bankanum sjálfum. Er sérstakur lánasamningur gerður vegna þessa með bankann sem lánveitanda og Y sem skuldara („**lánasamningurinn**“). Bankinn verður gjaldþrota. Við það verða hlutabréf Y í bankanum verðlaus. Bankinn krefur Y um greiðslu lánsins. Y neitar greiðsluskyldu, þ. á m. með þeim rökum að í ljós hafi komið að bankinn hafi stundað stórfellda markaðsmisnotkun með hlutabréf í bankanum sjálfum.

Takið rökstudda afstöðu til eftirfarandi atriða:

- (i) hvaða *reglur samningaréttar*, lögfestar sem ólögfestar, gæti Y reynt að byggja varnir sínar á að því er varðar greiðsluskyldu á lánasamningnum (7,5%);
- (ii) Ef bankinn myndi framselja kröfuréttindi sín (ekki er um viðskiptabréf að ræða) til nýs félags (nýs kröfuhafa, framsalshafa) gæti Y, samkvæmt *meginreglum kröfuréttar*, komið að sömu vörnum / mótbárum gagnvart hinu nýja félagi (nýjum kröfuhafa, framsalshafa) og hann kæmi að gagnvart bankanum (2,5%); og
- (iii) þyrfti bankinn, samkvæmt *meginreglum kröfuréttar*, að afla samþykkis Y fyrir framsali kröfuréttinda bankans á hendur Y (2,5%).

### 3. Raunhæft verkefni (12,5%)

Z hf. („**seljandi**“) selur Ö hf. („**kaupandi**“) öll hlutabréf í fyrirtækinu Þ ehf. Kaupverðið er 500.000.000 kr. Nokkru síðar kemur í ljós að verðmæti Þ ehf. á tímamarki kaupsamnings var aðeins 250.000.000 kr. Kaupandi veltir fyrir sér réttarstöðu sinni gagnvart seljanda.

Takið *rökstudda* afstöðu til eftirfarandi atriða:

- (i) hvaða *vanefndaúrræðum kröfuréttar* gæti kaupandi reynt að bera við gagnvart seljanda og hver væru réttaráhrif þeirra (7,5%); og
- (ii) ef kaupandi naut aðstoðar þriðja manns í tengslum við kaupin, og sú aðstoð reyndist óforsvaranleg, hver væri hugsanleg réttarstaða kaupanda gagnvart þriðja manni á grundvelli skaðabótareglna, bæði *innan og utan samninga* (5,0%).

### 4. Ritgerð (15,0%)

Svarið *annað hvort* A eða B.

- A) Lýsið helstu lokum kröfuréttinda.
- B) Lýsið helstu reglum um aðilaskipti að kröfuréttindum.